

## Aðalfundur Hugarafis

Aðalfundur Hugarafis verður haldinn miðvikudaginn 22. desember nk., klukkan 13:00-15:00 og verður fundurinn haldinn í fjarfundarforritinu Zoom.

Óskað er eftir framboðum fyrir setu í stjórn Hugarafis, til aðalstjórnar og varastjórnar, og verða framboðin að berast fyrir aðalfundinn. Þeir er bjóða sig fram þurfa að hafa verið gildir Hugarafisfélagar í minnst eitt ár og þekkja vel til hugmyndafræðinnar og innviði starfsins, samkvæmt lögum Hugarafis. Framboð skulu berast til formanns Hugarafis í tölvupósti á netfangið [frida@hugarafi.is](mailto:frida@hugarafi.is) eða í síðasta lagi fyrir upphaf aðalfundar.

Lagabreytingar sem lagðar eru fyrir er að finna hér með fundarboði, sbr. google docs skjal hér að neðan.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, samkvæmt lögum Hugarafis.

Dagskrá aðalfundar:

1. Ávarp formanns, aðalfundur settur
2. Staðfest skipan fundarstjóra, fundarritara og tveggja atkvæðateljara
3. Staðfest lögmæti aðalfundarboðs
4. Skýrsla stjórnar
5. Ársreikningur síðasta árs kynntur og borinn upp til samþykktar
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnar
8. Önnur mál
9. Fundarslit

Sjá má tillögur að lögum [hér](#), athugið að núverandi lög eru með appelsínugulum lit, tillögur eru feitletruð inn í sviga.